

Bréf

[.....]	Reykjavík, 15. maí 2015 2015010052
---------	---------------------------------------

Efni: Umsögn - mál 605

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála, lögum um aðför, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um dómstóla (einföldun réttarfars) – 605. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 29. apríl 2015, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála, lögum um aðför, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um dómstóla (einföldun réttarfars), 605. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa telur í upphafi rétt að fagna því að með 18. gr. frumvarpsins sé það gert að meginreglu að skýrsla af brotaþola, sem er yngri en 15 ára, skuli vera tekin í sérútbúnu húsnæði fyrir skýrslutöku af börnum, þ.e. Barnahúsi. Einnig fangar stofan nýrri heimild í lögnum til þess að taka skýrslu af vitni, yngra en 15 ára, í slíku húsnæði. Framangreint undirstrikar mikilvægi starfssemi Barnahúss og lýsir stofan ánægju sinni með það.

Í þessu sambandi telur Barnaverndarstofa ástæðu til þess að vekja athygli nefndarinnar á þeirri afturför sem varð á réttindum barna hvað þetta varðar með lögfestingu sakamálalaga nr. 88/2008. Í eldri lögum um meðferð opinberra mála var kveðið á um heimild til þess að skýrslutaka af börnum, sem væru yngri en 18, færi fram í sérútbúnu húsnæði eða með aðstoð dómkvadds kunnáttumanns. Sú breyting varð með lögfestingu nýrra sakamálalaga að framangeind heimild á einungis við í málum barna sem eru yngri en 15 ára. Skýrslutaka af börnum sem eru 15, 16 og 17 ára fer því ávallt fram í dómssal og án þess að heimild sé til staðar til þess að kveða til sérstakan kunnáttumann í því að taka skýrslu af börnum. Í þessu felst jafnframt að þessi hópur barna þarf að ganga í gegnum ítrekuð viðtöl því við rannsókn mála gefa þau frumskýrslu hjá lögreglu auk þess sem viðkomandi barnavernd, Barnahús og jafnvel lækningar þurfa á frásögn barnanna að halda til að sinna hlutverki sínu, þ.m.t. að veita þeim viðeigandi meðferð og stuðning þegar það á við.

Til frekari skýringa á afleiðingum þessa vill stofan vekja athygli á nýlegum dómi Hæstaréttar frá 22. janúar 2015 í máli nr. 63/2015. Í málinu var því hafnað bæði af héraðsdómi og Hæstarétti að ákærði viki úr dómssal á meðan þrjú vitni á aldrinum 16-17 ára gæfu skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Samt sem áður hafði komið fram í skýrslum lögreglu að ákærði hafi verið mjög ógnandi þegar atvik áttu sér stað og vitnin orðið mjög hrædd. Í málinu var um að ræða þekktan ofbeldismann og stóðu vitnin í þeirri trú að þeim stæði ógn af viðkomandi ásamt því að eitt þeirra hafði verið greint með kvíða í kjölfar atburðanna. Ekki var talið að sakamálalögin fælu í sér heimild til þess að víkja ákæðra úr dómssal í slíku máli né til þess að taka skýrslu af vitnunum í öðru sérútbúnu húsnæði.

Í þessum efnum er mikilvægt að hafa hugfast að nú hefur *Samningur Sameinuðu þjóðanna verið lögfestur, sbr. lög. nr. 19/2013*. Í 2. gr. þeirra laga er sérstaklega tekið fram að bæði samningurinn sjálfur og valfrjálsar bókanir við hann hafi öðlast lagagildi. Í valfrjálsri bókun við framangreindan samning um sölu á börnum, vandi og barnaklám segir t.a.m. í 8. gr. að aðildarríki samþykki að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda réttindi og hagsmuni barna á öllum stigum sakamáls, sérstaklega með því m.a. að viðurkenna varnarleysi barna sem eru brotaþolar og aðlaga málsmeðferð þannig að tekið sé tillit til þarfa þeirra, þar á meðal þarfa þeirra sem vitna.

Ennfremur vekur stofan athygli nefndarinnar á að hinn 15. mars 2012 samþykkt Alþingi þingsályktunartillögu um fullgildingu *Evrópuráðssamning um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun sem gerður var í Lanzarote* 25. október 2007. Framangreindur samningur er tímamóta samningur þar sem m.a. er fjallað um refsinaemi kynferðisbrota, málsmeðferð á öllum stigum og þjónustu og stuðning við börn sem þolenda kynferðisbrota. Þá er í samningnum sérstök áhersla lögð á að rannsókn og öll málsmeðferð m.a. innan refsivörslukerfisins sé sniðinn að réttindum barnsins auk þess að gæta að réttindum sakbornings. Einnig er sérstaklega fjallað um hvernig virða eigi þarfir og réttindi brotaþola og sérstaklega þarfir þeirra sem

vitna. Auk þess er í samningnum lög sérstök áhersla á að sérhæfður rannsakandi taki skýrslu af barni ásamt því að tryggja að sami viðmælandi taki allar skýrslur af barni eftir því sem unnt er.

Að lokum vill Barnaverndarstofa vekja athygli á leiðbeinandi reglum ráðherranefndar Evróðurráðsins um barnvænlega réttarvörslu sem samþykktar voru í lok árs 2010. Framangreindar reglur fjalla um stöðu og hlutverk, sjónarmið, réttindi og þarfir barns við málsmeðferð fyrir dómi og við aðrar sambærilega málsmeðferð. Markmið með reglunum er að tryggja að við sérhverja málsmeðferð verði öll réttindi barna virt að fullu, þar á meðal réttur til upplýsinga, fyrirsvars, tjáningu, þátttöku og verndar, að teknu viðeigandi tilliti til þroska og skilnings barns og eðlis viðkomandi máls. Þó eigi virðing fyrir réttindum barna á ekki að stofna réttindum annarra málsaðila í hættu. Reglurnar miða við einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri og við barn sem brotþola, sakborning og vitni. „Barnvænleg réttarvarsla“ vísar til réttarkerfis sem tryggir að borin sé virðing fyrir öllum réttindum barna og þeim beitt með virkum hætti í framkvæmd að því marki sem frekast er unnt. Er sérstaklega um að ræða réttarkerfi sem hæfir aldri barns og aðlagar sig að þörfum og réttindum barna.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er það afstaða Barnaverndarstofu að skerpa þurfi á réttindum barna í sakamálaálögum til samræmis við alþjóðalega samninga sem Alþingi hefur ýmist veitt lagagildi eða fullgilt:

- a) Í fyrsta lagi ítrekar stofan mikilvægi þess að öll börn njóti sömu réttinda þegar taka þarf af þeim skýrslu fyrir dómi *fram að 18 ára aldri*. Leggur stofan til að í slíkum tilvikum sé skýrslan að meginstefnu til tekin í sérútbúnu húsnæði til skýrslutöku af börnum en *ekki einungis börn sem ekki hafa náð 15 ára aldri*. Barnaverndarstofa vekur athygli á að fyrrnefndar alþjóða reglu miða allar við 18 ára aldur og skorar á Alþingi að nota tækifærið og gera réttarbætur hvað þetta varðar.
- b) Í öðru lagi telur stofan mikilvægt að setja inn lög um meðferð sakamála að þegar taka þurfi skýrslu af einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri, brotþola, vitni eða sakborningi, þurfi sá aðili sem tekur skýrsluna, hvort sem er á *rannsóknarstigi* eða fyrir dómi, *að hafa notið þjálfunar í gagnræyndum aðferðum við skýrslutöku af börnum*. Telur stofan að í þeim efnum væri unnt að fara að fordæmi Norðmanna þar sem norsk sakamálaálög hafa að geyma ákvæði sem kveður á um að í hvert sinn sem tekin er skýrsla af barni undir 12 ára aldri beri að kveða til kunnáttumann í þessum efnum, sbr. c. lið 35. gr. Lanzarote samningsins.
- c) Í þriðja lagi telur stofan rétt að sett verði inn lög um meðferð sakamála ákvæði þar sem kveðið verði á um að *fföldi rannsóknarviðtala við börn* skuli ekki fleiri en unnt er að komast af með vegna rannsóknarhagsmuna og að í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt reynist að ræða ítrekað við barn sé leitast við að fela *sama rannsakanda* þá framkvæmd, sbr. d. og e. lið 35. gr. Lanzarote samningsins.
- d) Í fjórða lagi telur stofan rétt að tekin verði af öll tvímæli um rétt barnaverndaryfirvalda til aðgangs að framburði barns við rannsókn sakamála í því skyni að tyggt sé að unnt verði að veita barni viðeigandi vernd og stuðning í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga, sbr. f. liður 31. gr. Lanzarote samningsins.
- e) Í fimmta lagi telur Barnaverndarstofa rétt að í stað orðalagsins „sérútbúið húsnæði“ sé notað orðalagið „*barnahús eða öðru sérútbúnu húsnæði*“ enda sé starfsemi Barnahúss þannig veittur lagagrundvöllur sem styrki starfsemi þess sem vettvangur ólíkra stofnana sem lögum samkvæmt hafa hlutverki að gegna við meðferð kynferðisbrota gegn börnum, sbr. j. lið 5. kafla leiðbeinandi reglna Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu.

Barnaverndarstofa óskar sérstaklega eftir því að fá að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis og lýsir jafnframt vilja sínum til að veita fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Bragi Guðbrandsson

Guðrún Þorleifsdóttir